



Vestmannaeyjar 2. apríl 2024

Umhverfis og skipulagsráð  
Tangagata 1  
900 Vestmannaeyjar

ÍBV-Íþróttafélag óskar eftir leyfi til skemmtanahalds á bílastæði í eigu Ísfélags við Miðstræti fyrir dagdagskrá sem hluta af Þjóðhátíð Vestmannaeyja. Þar hyggst félagið halda dagdagskrá fyrir Þjóðhátíðargesti, dansleikur og tónleikahald, með aldurstakmarki og girða svæðið af. Félagið óskar eftir því að skoðuð verði götulokun eða þrenging á meðan dagskrá stendur. Meðfylgjandi er undirritað leyfi frá Ísfélaginu varðandi afnot af bílastæði. Fyrirhugað er að vera með dagdagskránnu, frá kl 13:00 til 17:30 föstudag 2. ágúst laugardag 3. ágúst og sunnudag 4. ágúst.

Þessi viðburður er í samstarfi við Nova og Ölgerðina, Nova hefur áður haldið samskonar viðburð í portinu á milli Betel og 900 grillhúss.

Einnig óskar ÍBV-Íþróttafélag eftir afnotum af portinu við Hvítahúsið fyrir húkkaraball félagsins. Húkkaraball stendur frá 23:00-04:00.

Fyrirhuguð dagdagskrá mun auka virði hátíðarinnar fyrir hátíðargesti, það er mat Þjóðhátíðarnefndar að kaffivenjur heimamanna og fjölskyldudagskrá séu hátíðinni mikilvægar í Herjólfssdalnum. Því sé mun betra fyrir hátíðina og gesti hennar að vera með þessa dagdagskrá í miðbænum fremur en að blanda henni saman við okkar hefðbundnu dagskrá inní Herjólfssdal.

Virðingarfyllt

F.h ÍBV-Íþróttafélags

Ellert Scheving Pálsson  
Framkvæmdastjóri

F.h. Þjóðhátíðarnefndar

Jónas Guðbjörn Jónsson  
Formaður Þjóðhátíðarnefndar